

Á landsmóti

Gefið af Ágúst Sigurðsson
laugardagur, 02 júlí 2016

Séð yfir mótssvæðið úr Gvendarskál/Ljósm. ÁS

Landsmót hestamanna stendur yfir á Hólum í Hjaltadal og er vel heppnað. Hestakostur afar góður og skipulag mótsins til fyrirmyndar. Hrossin okkar frá Kirkjubæ standa sig vel. Í dag fer fram verðlaunaafhending stóðhesta og þar verður Valgarð okkar sviðsljósinu, annar í flokki 4 vetra stóðhesta. Það verður síðan spennandi í kvöld að fylgjast með A-úrslitum í A-flokki gæðinga en okkar hestur Sjóður frá Kirkjubæ í fremstu röð. Úr Gvendarskál í Hólabyrðu er góð yfirsýn um mótssvæðið - þangað skrönglaðist morguninn sér til heilsubótar - sjá hér!

Hrynjanda-sonurinn Kornelíus frá Kirkjubæ stóð sig vel með knapa sinn Gyðu Sveinbjörgu Kristinsdóttur í unglingsflokki. Var nála því að komast í B-úrslit, með 8.42.

Dropi frá Kirkjubæ kom vel fyrir hjá Hjörvari á yfirlitssýningunni og hækkaði fyrir brokk og stökk./Isibless.is

Valgarð frá Kirkjubæ endaði í 2 sæti eftir yfirlitssýninguna - það er glæsileg útkoma og ánægjuleg fyrir þennan unga gæðing/Hes

Svo óheppilega vildi til að Voröld frá Kirkjubæ greip á sig á æfingu á landsmóti og heltist lítillega. Tók því ekki þátt - svona er lífið getur alltaf gerst.

Snillingurinn okkar - Sjóður frá Kirkjubæ keppir í kvöld í A-úrslitum A-flokks á Landsmóti. Líklega sterkasti A-flokkur frá upphafi vega.

Hanna Rún og Birta urðu í 5 sæti í 150 m skeiði á frábærum tíma - 14.52/Jenny Mukka facebook.

